



Stjórnarfundur 12.febrúar 2023

Íþróttahúsið Digranesi

Eftirfarandi aðilar sátu fundinn:

- Friðrik Goethe
- Sigurður Ingi Jónsson
- Mörður Áslaugarsson
- Bjarki Þór Kjartansson
- Hálfdán Ragnar Guðmundsson
- Guðmundur Tryggvi

Dagskrá fundarins:

1. Undirbúningur fyrir Stjórnarfund
2. Ósk um leigu á sal frá Lögreglunni á Vesturlandi
3. Fastir liðir
4. Önnur mál



1. Undirbúningur fyrir Stjórnarfund

Umræða var tekin á fundinum um starf seinasta árs til þess að útbúa skýrslu stjórnar fyrir aðalfund félagsins. Þá var rifjað upp helstu afrek afreksfólksins okkar og helstu verkefni stjórnar á tímabilinu.

Á seinasta ári gátum byrjað að æfa aftur eftir Covid, en svo fóru af stað framkvæmdirnar í aðstöðunni okkar sem gerði það að verkum að ekkert var hægt að æfa í aðstöðunni okkar seinni hluta árs.

Þó svo æfingar hafi verið í lamasessi þá tók stjórn félagsins þátt í eftirfarandi verkefnum:

- Tókum þátt í STÍ þingi
- Stjórn félagsins var svo mjög virk í gegnum framkvæmdirnar
- Það var mikið endurnýjað í framkvæmdunum sem snéri kanskí ekki beint að framkvæmdunum
- Héldum vinnustofu um þróum skotíþróttafélaga með fulltrúum frá Norska Skotsambandinu

Við þurfum að taka saman afrek íþróttamannanna okkar, en stjórnin fær Jón Þór Sigurðsson til þess að lista þau upp.

Ársreikningur verður tilbúinn fyrir fundinn. Það vantar nótur og reikninga með einhverjum færslum sem fór fram í gegnum framkvæmdirnar, það verður kynnt þannig fyrir skoðunarmönnum ársreiknings.

Það verða svo einhverjar breytingar á stjórn félagsins, en gjaldkeri mun ekki gefa kost á sér aftur og þar sem varaformaður sagði sig úr stjórn nýverið vantar two aðila í stjórn.

Mörður óskaði eftir því að fá að bera það upp á aðalfundinum hvort hann fengi að starfa áfram í nafni félagsins að því að koma af stað nýju útisvæði skotíþróttar sem hægt er að nýta sem þjóðarleikvang.

Tillaga kom svo upp um að breyta 4.grein laga félagsins þar sem innheimta félagsgjalda breytist við innleiðingu félagsins á Sportabler.

2. Ósk um leigusamning við Lögregluna á Vesturlandi

Inn kom fyrirspurn um leigutíma fyrir Héraðssaksóknara, en umræða var svo tekin við þá í framhaldinu og var niðurstaðan sú að besta leiðin til þess að komast að á þeim tínum sem óskað var eftir var að semja við Lögregluna sem er að leigja salinn á þeim tínum sem óskað var eftir.



3. Fastir liðir

Staða framkvæmda

Loftsalurinn er ekki alveg tilbúinn til þess að hægt sé að halda mótt þar, en það þarf að samræma lýsingu í báðar áttir. Einnig er ljós á annari skotlínú þannig að það getur lýst í augun á skyttum á skotbraut. Það gæti gengið að bæta úr þessu tvennu með skermum í salinn.

Púðurgildran það þarf að bregðast við því að jacketinn af kúlunum er að spítast aftur út í sal. Það er verið að vinna í að fá háhraðamyndavél til þess að sjá af hverju þetta er að gerast.

Það er kominn 3ja fasa tengill á 25 metra línum fyrir snúningsgildruna.

Færibandavinna er farin af stað en það þarf að leggja áherslu á að gildran taki við skotum og jacketum rétt áður en það verður hrint þessari vinnu af stað.

4. Önnur mál

Okkur vantar kaffimál í aðstöðuna okkar. Lagt var til að kaupa 60 bolla og láta merkja með merki félagsins. Það var samþykkt einróma og tók Hálfdán að sér að finna bolla sem staflast vel og láta merkja þá fyrir okkur.

Við þurfum að koma einhverju kerfi á keppnis búninga félagsins og finna út á hvaða verði við seljum þá til félagsmanna. Sigurður Ingi og Sigurveig Helga taka það að sér að finna farveg fyrir þetta og ákveða hvað búningarnir eiga að kosta.

Ungliðaæfingarnar eru farnar vel af stað hjá okkur, en búum við eiginlega við skort á byssum í loftsalnum. Við eignum einn loftriffil og er alltaf einhver að bíða eftir því að komast að á honum. Lagt var til að panta 3 loftriffla (Hammerli AR20 Pro), en þeir kosta í kringum 200.000 isk komnir til landsins og var það samþykkt einróma. Sigurður Ingi mun leggja inn þöntun hjá Vesturröst þar sem þeir eru ekki til á lager hjá Krale.

Það voru keyptar nýjar tölvur í aðstöðuna okkar þar sem tölvurnar sem hafa verið í notkun eru orðnar gamlar og sumar hverjar farnar að valda vandræðum.

Það er svo ferli farið af stað við að fá þjálfara frá Noregi til þess að þjálfa afreksfólk ið okkar í loftskammbryssu, en það verður fyrsta skrefið í því að hrinda af stað þjálfarastarfi fyrir afreksfólk ið okkar.